



## Betri Bakkafjörður

## **Efnisyfirlit.**

1. Inngangur
2. Meginniðurstöður
3. Markmið og tilgangur verkefnis í Brothættum byggðu
4. Verkefnisstjóri og verkefnisstjórn
5. Meginmarkmið og starfsmarkmið byggðalags - stöðumat
6. Yfirlit yfir styrkt verkefni
7. Fundir
8. Hugleiðingar verkefnisstjóra

### **1. Inngangur:**

Verkefnið Betri Bakkafjörður fór að stað um mitt ár 2019 en þá var staða byggðarlagsins orðin mjög erfið að mati sérfræðinga Byggðastofnunar. Það var einnig í samræmi við tillögu ráðherraskipaðrar nefndar um málefni Bakkafjarða. Á þessum tíma þótti ljóst að byggðin þyrfti á verulegum stuðningi að halda frá ríki og sveitarfélagi til að geta staðið af sér frekari áföll.

### **2. Meginniðurstöður:**

Frá því að verkefnið Betri Bakkafjörður hófst árið 2019 hafa margir jákvæðir þættir orðið til þess að byggðin við Bakkaflöa hefur styrkst. Það má nefna að fiskvinnsla er rekin af tveimur fyrirtækjum, smábátum hefur fjölgæð, gisting og veitingaraðstaða er fyrir hendi á staðnum. Þá hafa opinberir sjóðir komið að ýmsum málun s.s. átaki í orkusparandi aðgerðum, uppbryggingu ferðamannastaðar á tanganum upp af gömlu höfninni, og þróun á heilsueflandi almenningssamgöngum milli byggðakjarna. Íbúar og fyrirtæki hafa gert átak í umhirðu húsa og umhverfis og á árinu var haldin í fyrsta skipti bæjarhátið á Bakkafirði, en hún fékk bæði góða umfjöllun og trekkti að gesti. Framkvæmdum við nýjan veg á Langanesströnd lauk um haustið 2021 og er þá aðeins eftir leiðin um Brekknaheiði austan Þórshafnar, eða um sex kílómetrar.

Verkefnisstjóri hefur einnig aðstoðað íbúa svæðisins við að sækja um styrki í aðra samkeppnissjóði og hefur umsóknum frá svæðinu í slíka sjóði fjöldað.

### **3. Markmið og tilgangur verkefnis í Brothættum byggðum:**

Verkefnið byggir á verkefnalýsingu sem unnin hefur verið á vegum Byggðastofnunar fyrir verkefnið Brothættar byggðir. Meginmarkmið verkefnisins er að stöðva viðvarandi fólksfækkun í smærri byggðakjörnum og í sveitum landsins. Sérstaða verkefnisins er fólgin í virkri þátttöku íbúa og víðtæku samstarfi stjórnerfis og stoðstofnana við viðkomandi samfélag. Í hverju verkefni, það er hverri brothættri byggð, er mótuð skýr framtíðarsýn, markmið og verkefnastofn og unnið samkvæmt áfangaskiptu verklagi Brothættra byggða. Verkefni sem sett voru fram fyrir Bakkafjörð eru afrakstur íbúaþings, vinnu verkefnisstjórnar og niðurstaða íbúafundar. Meginmarkmiðin eru fjögur ásamt undirflokkum.

Gerð er frekari grein fyrir einstökum verkefnum/aðgerðum ásamt því að tímasetja verkefnin, sem er þáttur í því að ná viðkomandi starfsmarkmiðum.

Þau verkefni sem stefnt var að í upphafi árið 2019 og komin eru í farveg eða lokið við, eru metin eftir stöðu þeirra. Um er að ræða huglægt mat verkefnisstjóra.

#### **4. Verkefnisstjóri og verkefnisstjórn:**

Verkefnisstjórn er skipuð fulltrúum samstarfsaðila um verkefnið, það er sveitarfélagi, landshlutamálmum, atvinnuþróunararfélagi, íbúum og Byggðastofnun. Verkefnastjóraskipti urðu á árinu þegar Ólafur Áki Ragnarsson létt af störfum og Gunnar Már Gunnarsson tók við.

##### **Verkefnisstjórn verkefnisins „Betri Bakkafjörður” skipa:**

Gunnlaugur Steinarsson, fulltrúi íbúa

Jónas Egilsson, sveitarstjóri Langanesbyggðar

Helga Harðardóttir, sérfræðingur Byggðastofnun

Kristján P. Halldórsson, sérfræðingur Byggðastofnun

Mariusz Mozejko, fulltrúi íbúa

Rebekka K. Garðarsdóttir, verkefnastjóri Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra

Þorsteinn Ægir Egilsson, oddviti Langanesbyggðar

Breytingar urðu á verkefnisstjórn þegar Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE) skipuðu nýjan fulltrúa. Rebekka K. Garðarsdóttir kom inn fyrir Baldvin Valdemarsson, sem hvarf til annarra starfa.

##### **Verkefnisstjóri:** Gunnar Már Gunnarsson

Hlutverk verkefnisstjórnar er meðal annars að móta verkefnisáætlun og tryggja að henni sé fylgt, auk þess að móta stefnu varðandi kynningu á verkefninu fyrir viðkomandi byggðarlag.

#### **5. Meginmarkmið og starfsmarkmið byggðalags - stöðumat:**

<b>I. Meginmarkmið: Sterkir samfélagsinnviðir</b>						
	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
<b>Starfsmarkmið 1.1:</b> Sníða lausn í skóla- og vistunarmálum sem hentar börnum og samfélagini við Bakkafjörð fyrir lok maí <b>Ábyrgð:</b> Langanesbyggð í samstarfi við verkefnistjóra				x		Fjallað er um dagvistunar- og skólamál í sérstökum samfélagssáttmála milli íbúa við Bakkafloá, Langanesbyggðar og ríkisins vegna byggðar við Bakkafloá. Ráðgert er að staðfesta sáttmálann í ársþyrjun 2022. Þá er unnið að nýrrí skólastefnu Langanesbyggðar.
<b>Starfsmarkmið 1.2:</b> Aðstoða fólk sem lengi hefur verið atvinnulaust við að komast aftur í virkni fyrir lok mars 2021. <b>Ábyrgð:</b> Verkefnistjóri í samstarfi við Starfsendurhæfingu Norðurlands, Heilbrigðisstofnunina og VIRK.	x					Með tilkomu nýrra rekstraraðila að fiskvinnslu á staðnum sköpuðust störf sem íbúar í atvinnuleit nýttu sér.

<b>Starfsmarkmið 1.3:</b> Koma á fót kaffihúsi, veitingastað og pöntunarpjónustu fyrir 18. október 2019. <b>Ábyrgð:</b> Rekstraraðili Hafnartanga 4.				x	Sveitarfélagið gekk til samninga við nýja rekstraraðila vegna reksturs á veitinga-, kaffihúsi og pöntunarpjónustu. Þjónustan hefur verið nýtt bæði af heimamönnum og gestum og opnunartími verið reglubundinn.	
<b>Starfsmarkmið 1.4:</b> Kanna möguleika á samstarfi við Orkusetur/Orkustofnun um átak í orkusparandi aðgerðum á íbúðarhúsnæði, fyrir lok mars 2020. <b>Ábyrgð:</b> Verkefnisstjórn.				x	Farið var í átak með íbúum árið 2020 samhliða því þegar Orkusjóður auglýsti eftir umsóknnum til orkusparandi aðgerða. Níu umsóknir voru sendar til Orkusjóðs frá Bakkafirði og hlutu allar jákvæða afgreiðslu.	
<b>Starfsmarkmið 1.5:</b> Vinna markvisst að því að auka sókn frumkvöðla í samféluginu í styrktarsjóði fyrir utan verkefnið Betri Bakkafjörð. Að lágmarki verði komnir fjórir styrkir til verkefna í byggðarlaginu fyrir lok október 2020 <b>Ábyrgð:</b> Verkefnisstjóri				x	Einstaklingar og fyrirtæki hafa haldið áfram að senda inn umsóknir í hina ýmsu sjóði á árinu. Nefna má Framkvæmdasjóð ferðamannastaða og Uppbyggingarsjóð Norðurlands eystra, og var eftir því tekið hversu margar umsóknir bárust að þessu sinni í Uppbyggingarsjóð af svæðinu.	
<b>Starfsmarkmið 1.6:</b> Lokið verði við lagningu ljósleiðara í byggðina við Bakkafloá á árinu 2019. <b>Ábyrgð:</b> Langanesbyggð				x	Búið er að tengja byggðina á Bakkafirði við ljósleiðara sem lagður var í þorpið á árinu.	
<b>II. Meginmarkmið: Öflugt atvinnulíf</b>						
	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
<b>Starfsmarkmið 2.1:</b> Kominn verði viðbótar sértækur byggðakvóti í farveg fyrir lok nóvember 2019. <b>Ábyrgð:</b> Langanesbyggð í samstarfi við verkefnisstjóra og Byggðastofnun.				x		Fyrirtæki í sjávarútvegi á Bakkafirði fengu úthlutað byggðakvóta sem skapað hefur atvinnu á staðnum.
<b>Starfsmarkmið 2.2:</b> Komin verði tvö fjarvinnslustörf í Grunnskólahúsínu á Bakkafirði fyrir lok febrúar 2020. <b>Ábyrgð:</b> Verkefnisstjóri í samstarfi við Langanesbyggð.		x				Samkomulag var gert við Þjóðskjalasafn Íslands um tvö fjarvinnslustörf á Bakkafirði árið 2020. Góð aðstað er til staðar að Skólagötü 5. Verkefnisstjórn sendi inn umsókn um fjármagn í Stefnumótandi byggðaáætlun B.8. SSNE sendi jafnframt inn umsókn um fjármagn til fjarvinnslustarfa á Bakkafjörð í C.1. Ekki var auglýst eftir umsóknum árið 2021 en verkefnisstjóri fylgist vel með og ráðgert er að senda inn nýja umsókn um leið og opnað verður fyrir umsóknir.
<b>Starfsmarkmið 2.3:</b> Skapa umgjörð og fá náttúrufræðing til starfa á staðnum fyrir mitt ár 2020 í samræmi við tillögu 5 í skýrslu ráðherraskipaðrar nefndar um málefni byggðarinnar við Bakkafloá.		x				Starfsmenn Náttúrustofu Norðausturlands unnu góða skýrslu um starf náttúrufræðings við Bakkafloá. Ekki hefur tekist að fjármagna verkefnið að hálfu ríkisins.

<b>Ábyrgð:</b> Verkefnisstjóri í samstarfi við verkefnisstjórn, ráðuneyti og viðeigandi stofnanir.						
<b>Starfsmarkmið 2.4:</b> Ferðaþjónusta tengd skólahúsnaðinu fyrir lok júní 2019 <b>Ábyrgð:</b> Rekstraraðili Skólagötu 4.				x	Aðstöðu hefur verið komið upp í skólahúsnaðinu til reksturs ferðaþjónustu og nýir rekstraraðilar teknir við. Hægt að bóka þar gistingu allt árið um kring.	
<b>Starfsmarkmið 2.5:</b> Kortleggja möguleika á að koma upp afþreyingu á svæðinu, til dæmis stangveiði, hvala- eða fuglaskoðun og/eða komu «Expedition» skemmtiferðaskipa fyrir mitt ár 2020. <b>Ábyrgð:</b> Verkefnisstjóri í samstarfi við frumkvöðla	x				Verkefnisstjórn styrkti aðila sem ráðgerðu að fara út í hvala- og fuglaskoðun. Vegna Covid-veirunnar röskuðust þau plön og umsækjandi fell frá verkefninu. Ferðaþjónustufyrirtækið NorthEast býður hins vegar upp á ýmsar ferðir og auglýsir á sinni heimasíðu.	
<b>Starfsmarkmið 2.6:</b> Skilgreina/kortleggja og merkja gönguleiðir í nágrenni Bakkaþjónustu. <b>Ábyrgð:</b> Hverfisráð Bakkaþjónustu í samstarfi við atvinnu- og nýsköpunarnefnd Langanesbyggðar og Markaðsstofu Norðurlands			x		Greinargott gönguleiðakort er til yfir helstu gönguleiðir umhverfis Bakkaþjónustu. Þá eru til stikur til að merkja helstu leiðir. Framhald verkefnisins er á borði Hverfisráðs Bakkaþjónustu.	
<b>Starfsmarkmið 2.7:</b> Koma starfsemi af stað í húsnæði við Hafnargötu 2-4, fyrir apríl 2020. <b>Ábyrgð:</b> Eigendur húsanna í samstarfi við verkefnisstjóra.				x	Bjargið ehf. keypti þrotabú Toppfisks og kom á fót fiskvinnslu sem hefur skapað störf fyrir ákveðinn hóp.	
<b>Starfsmarkmið 2.8:</b> Námskeið í stofnun fyrirtækja. <b>Ábyrgð:</b> Verkefnisstjóri í samstarfi við Nýsköpunarmiðstöð.	x				Ekki hefur orðið af þessu verkefni, en mikilvægt að fylgja því eftir.	
<b>Starfsmarkmið 2.9:</b> Láta útbúa áningastaði/útskot við veginn um Langanesströnd <b>Ábyrgð:</b> Sveitarstjórn Langanesbyggðar.				x	Með nýjum uppyggðum vegi milli Þórshafnar og Bakkaþjónustu hefur verið komið fyrir áningarstöðum/ útskotum á valda staði.	
<b>III. Meginmarkmið: Aðlaðandi umhverfi Bakkaþjónustu</b>						
	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
<b>Starfsmarkmið 3.1:</b> Sérstaða Bakkaþjónustu og nærsveita verði skilgreind.			x			Bakkaþjónustur byggir tilvist sína á sjósókn og sjávarútvegi. Þá eru tækifæri til staðar í landbúnaði og ferðaþjónustu sökum þess að svæðið er talið henta vel til sauðfjárræktar. Náttúran og víðerni eru ákveðin tækifæri fyrir tiltekkinn hóp ferðamanna.
<b>Starfsmarkmið 3.2:</b> Virkja kraft íbúana til framfara.		x				Íbúar hafa í gegnum árin verið virkir í því að hlúa að byggðalaginu. Áhugi íbúa s.s. á umhverfismálum, skógrækt, eyðingu
<b>Ábyrgð:</b> Verkefnisstjóri í samstarfi við íbúasamtök						

					Iúpínu og verndun gamalla húsa er ákveðinn styrkur samfélagsins.
<b>Starfsmarkmið 3.3:</b> Aðgerðaráætlun í umhverfismálum. <b>Ábyrgð:</b> Langanesbyggð í samstarfi við hverfisráð og íbúa, m.a. með vísan í tillögur ráðherraskipaðrar nefndar um samfélagssáttmála		x			Sveitarfélagið Langanesbyggð hefur skoðað möguleika sem felast í samstarfi á svæðinu í sorpmálum. SSNE vinnur að landshlutaáætlun fyrir þennan málauflokk og þá er fjallað um umhverfismál í sérstökum samfélagssáttmála milli íbúa við Bakkaflóa, Langanesbyggðar og ríkisins. Áætlun liggur fyrir um fráveitumál.
<b>Starfsmarkmið 3.4:</b> Meta kosti þess að endurheimta Bláfánann fyrir höfnina. <b>Ábyrgð:</b> Langanesbyggð				x	Málið hefur verið skoðað og niðurstaðan var að ekki væri ástæða til að endurheimta Bláfánann að svo stöddu.
<b>Starfsmarkmið 3.5:</b> Langanesbyggð verði í fremstu röð varðandi innleiðingu heilsueflandi samfélags. <b>Ábyrgð:</b> Stýrihópur um heilsueflandi samfélag, HSAM hópurinn.		x			Í Langanesbyggð eru íbúar meðvitaðir um mikilvægi þess að stunda heilsueflandi starfsemi, m.a. með útivist og nýta sé það sem íþróttamiðstöðin hefur upp á að bjóða. Verkefnisstjóri Langanesbyggðar fyrir Heilsueflandi samfélag (HSAM) hefur haft samráð við Verkefnisstjóra og Hverfisráð Bakkafljarðar og ráðgert er að efla það samstarf.
<b>Starfsmarkmið 3.6:</b> Átak verði gert í bættri hirðingu fasteigna og umhverfi. <b>Ábyrgð:</b> Íbúar, fyrtækni, fasteignaeigendur og Langanesbyggð				x	Húseigendur á Bakkafljörði halda almennt húsum sínum vel við. Gert hefur verið átak í lagfæringu íbúðar- og atvinnuhúsa, sem kölluðu á endurbætur, auk þess að lagfæra umhverfi þeirra.
<b>IV. Meginmarkmið: Skapandi mannlíf</b>					
	0%	25%	50%	75%	100% Skýringar
<b>Starfsmarkmið 4.1:</b> Skipuleggja gamla hafnarsvæðið <b>Ábyrgð:</b> Langanesbyggð og verkefnisstjóri.				x	Deiliskipulag af gamla hafnarsvæðinu hefur fengið lögformlega afgreiðslu.
<b>Starfsmarkmið 4.2:</b> Innlendum og erlendum nemendum á listabraut verði boðin aðstaða á Bakkafljörði. <b>Ábyrgð:</b> Verkefnisstjóri	x				Verkefnið hefur ekki farið af stað.
<b>Starfsmarkmið 4.3:</b> Kvikmynd um Langanesbyggð. <b>Ábyrgð:</b> Langanesbyggð				x	Verkefnisstjórn lítur svo á að markmiðum þessa verkefnis hafi veirð sinnt. Fjölmáðillinn N4 framleiddi sjónvarpsefni í tveimur hlutum um Bakkafljörður. Þá hefur ferðaþjónustufyrirtækið NorthEast framleitt markaðskynningarefnini og kynningarmyndband.
<b>Starfsmarkmið 4:</b> Skógrækt í þéttbýlinu. <b>Ábyrgð:</b> Verkefnisstjóri		x			Áhugafólk um skógrækt hefur haldið úti félagi sem hefur gróðursett tré á svæðinu. Stefnt er að því að gera skógræktaráætlun fyrir Bakkafljörð sambærilega þeirri sem hefur verið

					unnin á Þórshöfn og hefur þegar komið til framkvæmda.
<b>Starfsmarkmið 4.5:</b> Efla samstarf/tengsl innan sveitarfélagsins. <b>Ábyrgð:</b> Íbúasamtök		x			Páttur í eflingu tengsla innan sveitarfélagsins var stofnun Hverfisráðs sem hefur fundað reglulega. Þá hefur Björgunarsveitin Haflidi unnið að því að treysta sitt starf á Bakkafirði. Halda þarf áfram vinnu við eflingu samskipta innan sveitarfélagsins.
<b>Starfsmarkmið 4.6:</b> Íslenskukennsla fyrir útlendinga <b>Ábyrgð:</b> Langanesbyggð	x				Verkefnisstjóri hefur verið í samskiptum við Þekkingarnet Þingeyinga og fyrirtæki á staðnum. Ráðgert er að bjóða upp á íslenskukennslu í ársþyrjun 2022.
<b>Starfsmarkmið 4.7:</b> Virkja íbúasamtök Bakkaþjónustu og Bakkafjarðar. <b>Ábyrgð:</b> Íbúar		x			Stofnað var Hverfisráð sem er ákveðið skref á þessari braut.

## 6. Yfirlit yfir styrkt verkefni:

Verkefnisstjórn hefur samþykkt fjármuni til átta verkefna að upphæð kr. 13,9 milljónir. Um er að ræða fjölbreytt verkefni sem snerta hina ýmsu þætti samfélagsins. Verkefni í matargerð, innviðauppbryggingu s.s. endurbætur á björgunarmiðstöð, afþreyingu fyrir unga sem aldna, ferðaþjónustu, endurbryggingu á elsta steinhúsi Bakkaþjónustu og þjónustuhús fyrir vélaverkstæði. Fjögur verkefni eru leidd af karlkyns umsækjendum, þrjú af félagasamtökum, eitt af sveitarfélagi. Af fjórtán umsóknum bárust engar frá konum.

### Verkefni sem hafa hlotið styrk og staða þeirra um áramótin 2021/2022:

Úthlutun 2020		0%	20%	40%	60%	80%	100%	Á bið
Þórir Örn Jónsson	Pizzagerð						x	
Björgunarsveitin Haflidi	Endurbætur á Björgunarmiðstöð						x	
Fljótir flutningar ehf.	Þjónustuhús v/útgerðar/vélaverkstæðis					x		
Áki Guðmundsson	Endurbætur á Bergholti	x						
Langanesbyggð	Tanginn við ysta haf					x		
Þórir Örn Jónsson	Ferðaþjónusta Skólagötu, Bakkafirði						x	
Ungmennafélag Langnesinga	Frisbígolf		x					
Ungmennafélag Langnesinga	Ærslabelgur						x	

## 7. Fundir:



i á árinu. Verkefnisstjóri hefur setið fundi hverfaráðs Bakkafjarðar og verkefnisstjórnar um uppbyggingu á Tanganum. Þá eru haldnir reglulegir fundir starfsmanna SSNE.

Vel sóttur íbúafundur var haldinn á Bakkafirði miðvikudaginn 8. september undir merkjum verkefnisins Betri Bakkafjörður.

## **8. Hugleiðingar verkefnisstjóra:**

Það er mat verkefnisstjóra að verkefnið hafi haft jákvæð áhrif á samfélagið á Bakkafirði. Bakkafjörður hefur tekið jákvæðum breytingum sem líkur eru til að styrki samfélagið til frambúðar. Ríki, sveitarfélag, fyrirtæki og einstaklingar hafa lagt sitt af mörkum til að snúa þróun samdráttar og hnignunar við. Einstaklingar og fyrirtæki hafa komið með atvinnutækifæri á staðinn, bæði ný og efti þau sem fyrir voru. Gert hefur verið átak í lagfæringu íbúðar- og atvinnuhúsa, auk þess að lagfæra umhverfi þeirra. Hverfisráð Bakkafjarðar hefur eflst sem vettvangur fyrir íbúa til að vera virkir þáttakendur í stefnumörkun Langanesbyggðar innan svæðisins. Að endingu hefur vegakerfið milli þéttbýlisstaðanna verið bætt til muna. Þessar umbætur skipta máli bæði fyrir íbúa sem sækja vinnu og skóla milli staða en einnig fyrir ferðaþjónustu, því vegurinn eins og hann var hefur verið þrokskuldur gagnvart því að ferðaþjónustuaðilar komi með ferðafólk inn á svæðið.

Samstillt átak íbúa, sveitarfélags, landshlutasamtaka og ríkis er lykillinn að velgengni í verkefninu. Því hefur verið lögð áhersla á aðkomu ríkisins og stofnana þess að sérstökum sáttmála til stuðnings framlagi íbúa og fyrirtækja við Bakkaflóa og sveitarfélags. Vinnan við þennan sáttmála fór að miklu leyti fram á þessu ári þótt aðdragandinn sé lengri. Upphaflega tillagan var lögð fram í skýrslu nefndar fulltrúa fimm ráðherra um málefni Bakkaflóa, frá 16. nóvember 2018. Þegar nýstofnað Hverfisráð Bakkafjarðar tók til starfa árið 2020 skapaðist formlegur samráðsvettvangur milli íbúa og sveitarfélags og hafa íbúar frá þeim tíma verið leiðandi í þessari vinnu allri. Samfélagssáttmálinn byggir m.a. á tillögum hverfisráðs og endurspeglar þannig áherslumál íbúa. Hann verður undirritaður í ársþyrjun 2022.